

Sjarmerandi og skemmtileg

BÆKUR
SVANHVÍT
LJÓSBJÓRG



Pegar öllu er á botninn hvolft
★★★★☆

Eftir Alan Bradley, Karl Emil Gunnarsson þýddi. 352 bls. Vaka Helgafell gefur út.


Árið er 1950 og Flavia de Luce er ellefu ára stelpa sem býr á bresku hefðarsetri ásamt fjarlægum föður, tveimur systur og eilítið undarlegum aðstoðarmanni. Þrátt fyrir að hún eyði miklum tíma í að gera systur sínum lífið leitt þá hefur hún nægan tíma til að sýsla á tilraunastofnunni sinni enda er hún nokkurs konar efnafreðislingur. Oftast er hún

þar að sula saman einhverjum eiturefnum sem hún getur notað til að stríða systur sínum, með tilheyrandi afleiðingum. Hún lætur það þó ekki teffa sig frá því að rannsaka morð og þegar maður finnst látinn í garðinum hjá henni kviknaði forvitnin og hún fer á stúfana.

Pegar öllu er á botninn hvolft er fyrsta bók Alan Bradley sem hefur þegar hlotið nokkur verðlaun fyrir þessa frumraun sína. Og það eru fleiri á leiðinni því þetta er fyrsta bókinn í sex binda seríu sem allar munu fjalla um hina heillandi Flaviu de Luce. Bókin er skrifuð fyrir full-orðna en líklegt er að þeir sem og yngri aðdáendur glæpasagna geti haft gaman af bókinni.

Umhverfið í bókinni er sérstaklega heillandi, kannski meira að segja rómantískt, og minnr einna helst á sögur eftir Agöthu Christie sem og góðar breskar sakamálamyndir frá þessum tíma.

Persónusköpunin er mjög skemmtileg. Faðirinn er dularfullur,



Heillandi Alan Bradley er höfundur bókaradarinnar um Flaviu de Luce.

fjarlægur og eilítið sorglegur enda virðist hann syrgja konuna sína sárt á kostnað dætranna. Systurnar eru forvitnilegar og sjálfhverfar, eins og siður er á meðal stúlkna á þessum aldri. Svo má ekki gleyma sérvittra aðstoðarmanninum sem mun vonandi verða í enn stærra hlutverki í næstu bókum. Skemmtilegust er þó sjálf Flavia de Luce. Meira að segja nafn hennar er heillandi. Í byrjun bókarinnar upplifði ég hana sem eilítið óþolandi stelpukjána sem hélt að hún vissi allt. Þegar liða tekur á bókina fer maður að þykja vænt um stelpuna, hún er skemmtilega sjarmerandi, fyndin og vitanlega mjög klár. Þrátt fyrir að bókinn sé ætluð full-orðnum þá getur hún líka verið sniðug fyrir ungar stelpur. Það er ekki svo oft sem flottar og klárar kvenkyns fyrirmyndir sjást í bókum og Flavia de Luce er sannarlega flott fyrirmynd, þrátt fyrir að hún gangi alltaf aðeins of langt.

Pegar öllu er á botninn hvolft er ekki bók sem á að taka upp ef viðkomandi er að leita að spennusögu. En þeir sem vilja gleyma sér í heillandi umhverfi, spennandi tíðaranda og einstaklega skemmtilegum persónum verða ekki sviknir af lestri þessarar bókar. Sjálf mun ég sennilega lesa næstu bækur, þótt ekki væri nema til að sjá hverju blessunin hún Flacia de Luce tekur upp á.

Þakklæti til Íslendinga

BÆKUR
SÖLVI ÓLAFSSON




Íslenskar veiðiar
★★★★☆

Eftir R.N. Stewart. Einar Falur Ingólfsson þýddi. Hið íslenska bókmenntafélag gefur út. 216 síður.

Á árunum frá 1912 til 1957 veiðir reglulega á Íslandi Skoti að nafni Robert Neil Stewart. 1947 skrifar hann bók svo að til sé rituð lýsing um íslenskar veiðiar til að auðvelda öðrum að taka þátt í þeim ævintýrum sem hann hefur lent í á Íslandi. Bókin kemur út 1950 og heitir *Rivers of Iceland*. Þessa bók hefur Einar Falur Ingólfsson nú þýtt.


ÍSLENSKAR VEIÐIAR
eftir R.N. Stewart



Stewart fjallar í bókinni um þær veiðiar sem hann veiðir í á þessum árum. Veiðiarar eru einkum á Vestur- og Norðurlandi. Hann er m.a. með Hrutafjarðará og Síká í leigu nokkur ár.

Þó bókinni sé ætlað að vera um veiði og laxveiðiar þá er hún meira. Hún fjallar um viðhorf veiðimanns og hvernig Ísland og lífsbarátta Íslendinga koma honum fyrir sjónir. Þetta eru miklir umbreytingatímar á Íslandi og hann fjallar um þær breytingar. Hann sér að lífið á Íslandi er ekki auðvelt. Hvernig orð eins og þægindi er nokkuð sem enginn íslenskur bóndi virðist skilja. Viðmið á Íslandi byggjast öll á notagildi. Hann sér fólk og landið með gestsaugum. Og það sem gerir þessa sýn áhuga-verða er hve hann er fordómalaus gagnvart öllu því sem er honum fremandi.

Höfundur er um margt ólíkur íslenskum veiðimönnum þess tíma sem hann lýsir í bókinni, sérstaklega í upphafi. En hann setur sig ekki á hana hest gagnvart Íslendingum sem nota grófari aðferðir við veiðar en hann. Hann á auðvelt með að setja sig í spor þeirra og dæmir ekki. Eina



Stewart hershöfðingi Höfundur bókarinnar er hér við Bænhúshyl í Straumfjarðará á fjórða áratug liðinnar aldar.

gagnrýnin sem hann kemur á framfæri er að sumir menn láti frestast til að láta veiðina „standa undir sér“. Því „ef sérhver fiskur sem veiðimaður missir kallar fram í hugann tap hans í markaðsvirði, þá er hann engin stangveiðimaður.“

Hann fjallar um ferðalög á Íslandi, viðmót Íslendinga og lýsingar á sveitabæjum. Margt af því er ólíkt því sem hann er vanur. En hann telur þó að það megi venjast því öllu með svolitilli fyrirhyggju og sveigjanleika. Það eina sem Stewart kvartar yfir í lýsingum sínum frá Íslandi eru salernin. Eða eins og segir í bókinni „Á flestum bóndabæjum duga orðin „nafnlaus hryllingur“ ekki til að lýsa þeim aðstæðum, en látum þau duga.“

Fjöldi ljósmynda er í bókinni og eru þær glæsilegar heimildir um liðinn tíma í árdaga stangveiði á Íslandi. Einar Falur hefur bætt við þýðinguna meðanmálgreinum þar sem staðkunnátta hans nýtist til að lesendur átti sig á því um hvaða veiðistaði er fjallað, auk þess að fjalla um ábúendur á þeim stöðum sem Stewart heimsækir. Par að auki ritir Einar mjög áhugaverðan eftirmála um ævi og orlög R.N. Stewart. Eftir lestur bókarinnar þykir maður vænt um Stewart og þá sýn sem hann hefur á lífið og tilverunna. Sérhver veiðimaður sem vill þekkja rætur þeirrar ípróttar sem hann stundar á að lesa þessa bók. Hafi Hið íslenska bókmenntafélag þökk fyrir.

Daðakviða

MYNDLIST
ANNA JÓA



Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Daði Guðbjörnsson – Á slóðum Ódysseifs
★★★★☆

Til 30. desember 2011. Opið alla daga kl. 10-17. Aðgangur 1.000 kr. Hópar 10+ 600 kr. Frítt fyrir börn yngri en 18 ára, eldri borgara og öryrkja. Árskort 3.000 kr.

Í Vestursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir einkasýning Daða Guðbjörnssonar „Á slóðum Ódysseifs“. Ljóst er að Daði hefur að undanförunni verið á siglingu í listsköpun sinni en hann hefur fyllt salinn af stórum, litríkum málverkum. Á siglingunni hefur Daði orðið hugsað sæfarans víðförla Ódysseifs úr hinu klassíska sögukvæði *Ódysseifskviðu*, eignað forngríska skáldinu Hómer, er fjallar um heimför grísku hetjunnar frá Tróju (eftir sigur í Trójustríðinu) til eyjarinnar Íþöku.

Í frásagnarlegum málverkum Daða eru ták sem skírskota til ævintýra Ódysseifs og heiti sumra verkanna vísa til hans og hins gríska goðsagnaheims: *Leikisýning*



Morgunblaðið/Einar Falur

Daði á sýningunni „Í frásagnarlegum málverkum Daða eru ták sem skírskota til ævintýra Ódysseifs...“

guðanna, Skritinn skáldfákur, Hin rósfingraða morgungyðja og Argos. Vísanirnar eru þó oft lauslegar og túlkun Daða hverfist fremur um lífsferðalagið í víðu samhengi. Í verkunum birtast ýmis minni og

ták – svo sem skáldfákur, skip, auga, egg, lampi, lýra, lífsins tré, hjarta, mandorla og fjall – að því er virðist vísitað með klisju-kennndum hætti. Tákn þessi fléttast inn í skreytikennndan mynd-

heim sem einkennist af hálfkæringi, (póstmóðernískum) leik, kitsi, flúri, skopmyndum og ofhlæði sem leikur á mörkum hins gróteska. Skírskotað er í sögu málverksins og listræn leit er

meðal annars gefin til kynna með málrapensli sem er endurtekið stef í verkunum. Í *Eldfjallamjólk* sjást penslar í ýmsum litum skjótast úr gíg eldfjalls eins og um sé að ræða flugeldasýningu sköpunarkraftsins, og hinar einkennandi „krúsíðullur“ Daða finna sér farveg í þjóttandi öskuskýi. Spunakennnd leikgleði listamannsins nýtur sín þarna.

Formmótun og pensilskrift verkanna er sveigð og bugðótt, málningin gjarnan borin þykkt á flötinn og af ákafa. Í verkunum fyrirfinnst iðulega miðlægur ljósgjafi sem tengist andlegri leit og einhvers konar innri sýn sem leiðir hugann að sumum verkum bandaríska samtímamálarans Gregory Amenoff sem hefur, eins og Daði á sinn hátt, unnið hefur með arleifð Vincents van Goghs. Myndflötur Daða býr þó yfir minni dýpt og yfirvegum; hjá honum er viss léttleiki í fyrirrúmi. Stundum nær stærð myndflatarins ekki að bera þennan „léttleika“ og verkin verða flatarí en efni standa til. Ef til vill gætir í verkum Daða togstreitu milli léttúðugrar og ærslakenndrar tjáningar og þeirrar innri rósemdar sem leiðir af andlegri ihugun og/eða uppljómun. „Ódysseifsferðin“ gæti þannig snúist um að hlaupa af sér hornin og verður áhugavert að sjá næsta erindi Daðakviðu.